



## Tilak og bindi

### Bindi

Eitt af þekktustu táknum hindúa er depill sem konur setja mitt á milli augabrúnanna og kallast bindi. Orðið bindi merkir dropi eða doppa. Bindi táknar hina kvenlegu orku og á því að vernda konurnar og eiginmenn þeirra. Það er auk þess leið til að leggja áherslu á hið svokallaða þriðja auga, svæðið milli augnabrúnanna. Hindúar segja að þar



sé útgöngustaður innri orku og því sé bindi gagnlegt til þess að viðhalda orku og styrkja einbeitingu. Þar af leiðandi er algengt að bindi sé notað við hugleiðslu þegar þörf er á mikilli einbeitingu.

Samkvæmt gamalli hefð eiga eingöngu giftar konur að vera með bindi. Nú til dags er þó fyrst og fremst litið á bindi sem skraut og það notað jafnt af giftum sem ógiftum konum og hvort sem þær eru hindúar eða ekki.

Hefðbundið bindi er rauð doppa sem konur mála á sig en rauði liturinn táknar heiður, ást og velgengi. Núorðið sjást hinsvegar allir litir og form og jafnvel algengt að notaður sé skartgripur í stað málningar og verslanir á Indlandi selja sjálfímandi bindi í öllum regnbogans litum og lögunum.

### Tilak

Ef karlmaður er með tákn á enninu kallast það tilak. Hjá þeim er það yfirleitt í formi línu eða lína. Helgir menn og guðræknir aðalsmenn setja á sig tilak daglega. Aðrir hindúar setja það yfirleitt ekki á sig nema við sérstök tilefni s.s. brúðkaup eða trúarlegar athafnir. Prestar í musturum hindúa bera

einnig oft tilak eða bindi á gesti sína til að sýna velpókun guðs á þeim. Líkt og bindi er tilak notað til að bæta einbeitinguna við hugleiðslu.

Táknin eru máluð á með hendinni eða með járnstimpli. Notuð er aska frá fórnareldi úr musturinu, rautt blý, kol, kúamykja eða mauk úr ákveðnum jurtum.

Meðlimir sumra trúarsöfnuða mála tilak ekki eingöngu á ennið heldur einni á mismarga aðra hluta

**Hugleiðsla** er aðferð sem notuð er til að styrkja hugann og slaka á. Við hugleiðslu aftengir fólk sig frá umhverfi sínu og beinir íhuguninni inn á við. Ef um trúarlega íhugun er að ræða beinist hún gjarnan að tilteknum trúarlegum sannindum og inntaki helgiritá.

**Musteri** er trúarbygging hindúa þangað sem fólk fer til að tilbiðja guðina.



líkamans. Oft er hægt að þekkja meðlimi ákveðinna trúarsöfnuða á því hverskonar tilak þeir eru með. Fylgjendur Shiva má t.d. þekkja á því að þeir eru með þrjár láréttar línur á enninu auk annarra skreytinga. Fylgjendur Vishnu eru með útgáfu sem er yfirleitt með tveimur eða fleiri lóðréttum línum sem tákna fót Vishnu. Fylgjendur Gyðjunnar nota yfirleitt alltaf rautt púður fyrir sitt tilak.

## Spurningar

1. Hvað er bindi og hvað tákna það?
2. Hvaða hefðir gilda um bindi?
3. Hvað er tilak?
4. Hvað getur það sagt þér um hindúa sem ber tilak á sig dags daglega?
5. Hvað er notað til að bera tilak á líkamann?
6. Hvernig getur tilak hjálpað þér að þekkja í sundur fylgjendur Vishnu, Shiva og Gyðjunnar?